

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

### Vélskelflett rækja.

	Ísl. kr. á lb.	Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst .....	283.00	
2. 24×1 lb. blokkfryst .....	295.00	
3. 24×450 gr sérfryst .....	295.00	
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst .....	295.00	
5. 4×2.5 kg sérfryst .....	295.00	
6. 2×5 kg sérfryst .....	295.00	
7. 4×7 kg sérfryst .....	295.00	
8. 1×25 lbs. sérfryst .....	295.00	
9. 15×200 gr sérfryst .....	300.00	
10. Í saltlegi .....	283.00	

Verðbil verður 4% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1974.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

31. október 1974.

Nr. 331.

## AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hlíðarvegi nema Strandvegur.
2. Hásteinsvegur hefur forgang fyrir Boðaslóð, Hólagötu og Brimhólabraut.
3. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hraunvegi nema Hamarsvegur.
4. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Hamarsvegi nema Stórhöfðavegur.
5. Allar götur hafa biðskyldu fyrir Höfðavegi.